

Áveitan

4. tbl. 5. árgangur. Apríl 2011

Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa. Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. **Mótið verður haldið í Þingborg þann 1. maí og hefst stundvíslega kl.10:00.** Ágætt væri að mæta örlítið fyrr og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót. Fjölmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.

Víðavangshlaup og páskabingó -ekki á sumardaginn fyrsta...

Þar sem sumardaginn fyrsta og skírdag ber upp á sama dag í ár verður Víðavangshlaup Umf. Vöku með örlítið breyttu sniði að þessu sinni. Það mun fara fram **laugardaginn 23. apríl kl 13:30** á Þjórsárbökkum. Að hlaupi loknu verður farið upp í Þjórsárver þar sem bingóspjöldin verða dregin fram og stutt páskabingó spilað fyrir kaffi og verðlaunaafhendingu. Bingóspjaldið mun kosta aðeins litlar 300 kr. Við minnum fólk á að mæta snemma í hlaupið til að fá úthlutað númerum og vonumst við til að þessir tveir viðburðir geti farið vel saman. Allir velkomnir í hressandi hlaup, spennandi bingó og hið árlega kaffihlaðborð ungmennafélagsins.

Umf. Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Þjóðaratkvæðagreiðsla

Þjóðaratkvæðagreiðsla um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum verður í **Félagslundu 9. apríl 2011 frá kl. 10:00 til 20:00** fyrir þá sem lögheimili eiga í Flóahreppi. Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps alla virka daga frá kl. 9:00 til 13:00 frá 30. mars n.k. til föstudagsins 8. apríl.

Framtíðarskipan félagsþjónustu

Á fundi sveitarstjórnar 16. mars s.l. var tekin fyrir tillaga vinnuhóps um framtíðarskipan félagsþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa, Hveragerði og Ölfusi sem frestað var á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Samkvæmt tillögu vinnuhópsins er tilgangur samstarfsins að efla samstarf milli sveitarfélaganna á sviði félagsþjónustu með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna og bæta þjónustu við íbúana. Niðurstaða hópsins er að skipuð verði ein sameiginleg fimm manna velferðarnefnd fyrir svæðið og að ráðinn verði einn sameiginlegur félagsmálastjóri er hefur yfirumsjón með félagsþjónustu sveitarfélaganna, sjái um stefnumótun og öll erfiðari mál. Jafnframt verði starfandi félagsráðgjafi á hverju svæði sem sér um öll almenn störf í samræmi við reglur þar um. Sveitarstjórn lagði til að gerð verði tillaga um sjö manna velferðarnefnd í stað fimm manna nefndar þannig að hvert sveitarfélag eigi einn fulltrúa í nefndinni. Samþykkt var að taka þátt í samstarfinu og Ölmú Önnu Oddsdóttur falið að vinna að nánari útfærslu og samningi um þjónustuna fyrir hönd sveitarfélagsins.

Skoðanakönnun um hitaveitu

Niðurstaða skoðanakönnunar um hitaveitu í neðrihluta Flóahrepps var kynnt fyrir sveitarstjórn 16. mars s.l. Um 44% svarhlutfall var úr könnun og skiptust svör þeirra sem tóku þátt í könnuninni nokkuð jafnt en 29 sögðu já, 27 sögðu nei, 3 voru óvissir af 132 heimilum sem fengu skoðanakönnun.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver verði næstu skref sveitarstjórnar í málinu.

Leikskólamáli

Sveitarstjórn og fræðslunefnd áttu fund á dögnum þar sem farið var yfir niðurstöðu fræðslunefndar um íbúafund sem haldinn var vegna leikskólamála í febrúar. Fræðslunefnd taldi, að loknum þeim fundi, að ekki væri ástæða til að færa elsta árgang leikskólans í aðstöðu Flóaskóla en umræður fóru fram á íbúafundinum um þá hugmynd.

Það var samdóma álit fræðslunefndar og sveitarstjórnar eftir sameiginlegan fund, að mynda þurfi heildarskólafestun í Flóahreppi og að meta þurfi húsnæði leikskólans með tilliti til viðhaldsþarfar og notkunargildis.

Snjómokstur

Snjómokstur hefur ekki íþyngt pyngju sveitarfélagsins þennan veturinn frekar en undanfarna vetur. Samkvæmt samningi sem gerður var við verktaka er megin markmið snjómoksturs að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið aksturleiðir þeirra sem þurfa til vinnu. Einnig þurfi að tryggja það að mjólkurbílar komist að þeim bæjum þar sem stunduð er mjólkurframleiðsla. Jafnframt segir að ekki sé mokað þegar veður er þannig að fenni jafnóðum í för.

Samningur var gerður við þrjá verktaka þar til í apríl 2013.

Þetta er sett í Áveituna til kynningar því þegar þessi orð eru skrifuð, í lok mars, er farið að hylla undir vorið þó svo jörð sé enn hvít.

Æskulýðs- og tómsbundanefnd

Starf æskulýðs- og tómsbundanefndar fer vel af stað og ný nefnd unnið ötullega að verkefnum sínum. Haldið hefur verið opið hús þar sem unglingar í Flóahreppi mættu til skrafs og ráðagerða við Anný formann nefndar, Sigrúnu umsjónarkennara 9. bekkjar og Örvar Rafn sem starfað hefur í félagsmiðstöðinni Zelsíus á Selfossi. Einnig fóru unglingarnir á Samféshátíðina til Reykjavíkur og gist var í skólanum eina nótt. Starf nefndar og undirtektir unglunga við það gefa von um gott framhald.

Auglýsingar:

Vinnuskóli

Auglýst er eftir unglingum fæddum 1995, 1996 og 1997 með lögheimili í Flóahreppi, til vinnu í sumar við Vinnuskóla Flóahrepps.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 6. júní til 20. júlí og geta unglingar valið um sex vikur innan þessa tímaramma.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00

Tekið er á móti skráningum á skrifstofu sveitarfélagsins til 27. apríl n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00.

Einnig er auglýst eftir flokkstjóra/flokkstjórum fyrir sama tímabil. Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bílpróf. Reynsla af starfi með unglingum er æskileg.

Hestur í óskilum

Enn er í óskilum í Syðri-Gróf, ómerktur brúnn hestur. Hann er spakur, taminn og greinilega um reiðhross að ræða. Einhver hlýtur að sakna hans og eru nágarnar, sem halda hross, beðnir um að athuga hvort Brúnka vanti ekki í stóðið.

Hægt er að fá betri upplýsingar hjá Bjarna í Syðri-Gróf í síma 846-3411.

Fundir sveitarstjórnar

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl.

20:00 í Þingborg. Erindi fyrir fund þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps í síðasta lagi fyrir hádegi á föstudögum fyrir fundi.

Frá Flóaskóla

Engar komu víst fréttirnar frá mér í febrúar útgáfu Áveitunnar. Fréttaleysið er ekki hægt að rekja til þess að ekkert hafi verið að fréttu – frekar til þess að annriki hefur verið mikið og svo margt að gerast að ekki vannst tími til að skrá það allt niður ☺
En við bætum úr því núna enda af nógu að taka.

Tveir nemendur skólans fóru í Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk sem haldin er árlega og fór að þessu sinni fram að Borg í Grímsnesi. Sigurður Andri Jóhannesson náði 3. sæti og er það flottur árangur. Helga Margrét Höskuldsdóttir, nemandi í 8. bekk fékk tvær stórar viðurkenningar í mars. Önnur var fyrir ritgerð sem hún sendi inn í ritgerðarsamkeppni um Jón Sigurðsson sem haldin var á landsvísi í tilefni af því að í ár eru 200 ár frá fæðingu Jóns. Reyndar lét fulltrúi dómnefndar það fylgja með að óvenju margar góðar ritgerðir hefðu komið frá Flóaskóla. Hin verðlaunin sem Helga Margrét fékk voru fyrir þátttöku í stærðfræðikeppni grunnskóla en þar lenti hún í 2. sæti. Frábær árangur þetta, við getum svo sannarlega verið stolt af okkar nemendum.

Nemendur í 6.-7. bekk tóku sig til á góðverkaviku Bandalags íslenskra skáta og hófu söfnun fyrir mæðrastyksnefnd. Söfnuninni er ekki lokið en nemendur hafa safnað saman fatnaði, leikföngum og öðrum nýtilegum hlutum og ætla að senda nefndinni þetta í vor til styrktar nauðstöddum. Falleg hugsun og svo sannarlega góðverk.

Unglingarnir okkar í 8.-9. hafa lifað líflegu félagslífi undanfarið. Þeim var boðið á árhátíð Grunnskóla Bláskógabyggðar í Aratungu, margir fóru á Samfés ball í Laugardalshöllinni, fulltrúar skólans tóku þátt í Skólahreysti og haldin var “nótt í féló” í skólanum þar sem fjölmargir nemendur eyddu nóttinni í spil, söng og gleði en sváfu lítið ☺. Sigrún Árnadóttir umsjónarkennari í 9. bekk hefur haldið utan um tengingu skólans við nýstofnaða æskulýðs- og tómstundanefnd og hefur starfið farið vel af stað. Stjórn nemendaráðs er að taka fyrstu skrefin í ábyrgðarfullu starfi og mun í vor leggja áherslu á að eldri nemendur standi fyrir skemmtilegum uppákomum í skólanum fyrir þá yngri. Já, það er fjör í Flóaskóla!

Árshátíð Flóaskóla er á næsta leyti. Að þessu sinni verður þema árshátíðarinnar verk rithöfundarins Ole Lund Kirkegaard og munu nemendur í 6.-9. bekk setja á svið leikritið um Gúmmítarsan. Nemendur í 1.-5. bekk verða með söng, dans og hljóðfæraleik í tengslum við þemað. Sýningar verða tvær, kl. 13 og kl. 16.

Á næstu vikum mun birtast auglýsing um laus störf í Flóaskóla fyrir næsta skólaár. Auka þarf við stöðuhlutfall í kennslu með tilkomu 10. bekkjar, auk þess sem einhverjar stöður verða auglýstar tímabundið vegna tímabundins orlofs starfsmanna.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720

Fréttir frá Krakkaborg

Bollu,- Sprengi- og Öskudagur voru haldnir hátíðlegir í Krakkaborg í mars með tilheyrandi skemmtun og mat. Börnin fengu rjómbollur og fiskibollur á Bolludaginn, Saltkjöt og baunir á Sprengidaginn og svo var Öskudagsball á Öskudaginn. Þá fóru öll börnin í salinn í Þingborg og slógu köttinn úr tunnunni. Flestir mættu í búningum og fengu andlitsmálningu og voru kát og glöð með daginn. 1.bekkur úr Flóaskóla kom og var með Tígrum á ballinu og var það mjög gaman og tókst vel. Það var hugmynd Foreldrafélags Krakkaborgar að 1.bekkur myndi koma og eiga með Tígrunum skemmtilega stund á Öskudaginn og þökkum við þeim kærlega fyrir góða hugmynd. Þetta hjálpar okkur að gera góðan skóla enn betri.

Nú hefur seinni ART-hópurinn á Tígradeild lokið sínu námskeiði. Síðan í janúar höfum við skipst á eftir vikum að ræða um ýmsa félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði. Í félagsfærninni lærðum við ýmislegt um það hvernig við berum okkur að þegar við hlustum, tölum fallega og biðjum um hjálp. Í reiðistjórnuninni ræddum við um það hvað reiði er, hvernig og hvar við finnum fyrir henni í líkamanum, hvað það er sem gerir okkur reið og hvað við getum gert til þess að hafa stjórn á henni. Í siðferðinni lásum við svo saman „klípusögur“ þar sem aðalpersónurnar lenda í klípu og börnin ræða saman og koma með hugmyndir um það hvernig hægt er að leysa vandamálið á réttan hátt. Einnig spjölluðum við saman um vináttu og vini, hvað það er að vera vinur, hvað vinir gera og hvernig þeir haga sér. ART-hópurinn fær svo heim með sér viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Elstu börnin á Tígradeild fóru í 2 skólaheimsóknir í mars þar sem þau hittu 1.bekkinga og léku með þeim í frímínútum ásamt því að vinna verkefni, spila og leika inni í skólastofu. Börnin eru ávallt mjög spennt fyrir þessar heimsóknir og er þetta liður í samstarfi skólanna beggja.

Fjölskyldukaffi var á öllum deildum nú í mars þar sem foreldrum, ömmum og öfum gafst færi á að kíkja í kaffi á deildirnar og sjá hvað börnin eru að fást við í sinni daglegu rútinu. Börnin bökuðu kökur fyrir þessa skemmtilegu stund og höfðu allir gaman af.

Okkur barst þessi skemmtilega vísa á dögnum frá einum afa hjá okkur, honum Ólafi í Forsæti, en honum datt þessi vísa í hug þegar hann var á leið í fjölskyldukaffi á Bangsadeild um daginn. Hún er svohljóðandi:

Í Krakkaborg er kátína og fjör
Karen stjórnar þar með brosi finu.
Þangað upp ég flýti minni för,
og faðma hana litlu Karólínu.

Einnig samdi hann lag og ljóð fyrir okkur í Krakkaborg sem verður leikskólasöngurinn okkar.

Vísan er svona:

Krakkaborg, Krakkaborg, kæru vinir hér,
Krakkaborg, Krakkaborg, kominn dagur er.
Leikum og syngjum, því léttur er fóturinn,
ljúft er að finna að hér er skólinn minn.

Þökkum við Ólafi kærlega fyrir þessar frábæru vísur.

Með kveðju
Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Skemmtiferð Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps:

Stjórn Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps ætlar að standa fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 16. apríl n.k. Ætlunin er að fara á þrjá bæi í Rangárvallasýslu, þ.e.a.s Fákshóla, Árbæjarhjáleigu og Skeiðvelli. Síðasta ferð heppnaðist afar vel og viljum við hvetja félagsmenn til að fjölmenna í þessa ferð. Rúta fer frá Félagsheimili Sleipnis á Selfossi, Hlíðskjálfi kl. 10:00 og tekur fólk svo upp í við afleggjarana á leiðinni austurúr. Pantanir þurfa að berast í síðasta lagi 13. apríl í síma 482-1032 eða 899-5494 (Ágúst Ingi).

Úrslit ungfolasýningar

Ungfolasýning Hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi fór fram í reiðhöllinni í Syðri-Gegnishólum 3.mars sl.. Alls tóku fjórtán tveggja og þriggja vetra folar þátt í sýningunni en ríflega 100 manns komu til að fylgjast með.

Gunnar og Kristbjörg hrossaræktendur í Auðsholtshjáleigu dæmdu af kostgæfni. Margir glæsilegir folar sýndu flott tilbrif.

Stjórnir Hrossaræktarfélaganna vilja koma á framfæri þökkum til Bergs og Olil í S-Gegnishólum fyrir afnotin af reiðhöllinni þeirra. Einnig kærar þakkir til Gunnars og Kristbjargar fyrir dómstörfin en þau gáfu andvirði vinnu sinnar til æskulýðsstarfs félaganna.

Úrslit urðu þessi:

1. Gáll frá Dalbæ brúnn

F. Adam frá Ásmundarstöðum

M. Storka frá Dalbæ

Eig/rækt: Már Ólafsson og Sigríður Harðardóttir

2. Þröstur frá Efri-Gegnishólum rauðskjóttur

F. Natan frá Ketilsstöðum

M. Hrönn frá Efri-Gegnishólum

Eig/rækt: Bragi Birgisson

3. Gustur frá Langsstöðum grár

F. Kjarni frá Þjóðólfsþaga

M. Von frá Langsstöðum

Rækt: Trausti Hjálmarsson

Eig: Trausti Hjálmarsson/Ketill Ágústsson

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Síðasta herbergiskvöld vetrarins verður 12. apríl nk. kl 20:00 í Þingborg Stjórnin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Prjónakvöld og pönnukökubakstur

Mánudagskvöldið 11. apríl verður prjónakvöld í Þjórsárveri. Byrjum kl 20.30. Þegar liður á kvöldið fara þær sem vilja í eldhúsið og æfa réttu handtökin í pönnukökubakstri. Svo smökkum við allar á eftir.

Allar konur hjartanlega velkomnar sem hafa gaman af handavinnu og samveru. Sjáumst hressar sem flestar.

Kvenfélaginu Seltjörn boðið til okkar

Fimmtudagskvöldið 28. apríl kl. 20 höfum við ákveðið að bjóða Kvenfélaginu Seltjörn til okkar. Farið verður í Tré og List, þar sem Bergþóra og Ólafur bjóða okkur til sín, að því loknu verður farið í Þjórsárver og boðið til kaffihlaðborðs og skemmtunar.

Ákveðið hefur verið að konur í "efra" komi með brauðmeti, þ.e. ostar/brauð/brauðréttir og konur í "neðra" sjá um sætabrauðið. ATH við biðjum ykkur að mæta í Þjórsárver ekki seinna en kl. 19.50.

Endilega mætum nú vel og tökum vel á móti vinafélagi okkar af Seltjarnarnesi.

Konur í kvenfélögum Gaulverjabæjar- Hraungerðis- og Villingaholtshreppum: Sýndu hvað í þér býr, félagsmálanámskeið

Félagsmálanámskeið verður haldið í Flóaskóla, mánudaginn 2. maí kl.17.00, námskeiðið tekur 3-4 klst. Kennari á námskeiðinu verður Sigurður Guðmundsson frá UMFÍ.

Námskeiðsgjald kr 0,00. Skráning á námskeiðið verður hjá Valgerði s: 863 9557, eða á netfangið mjosyndi@gmail.com, og þarf að vera búíð að skrá sig 26. apríl.

Jæja konur, nú er komið að því að fara á félagsmálanámskeið, og endilega fjölmennum því þetta kostar ekkert fyrir okkur.

Ég hlakka til að sjá ykkur!

Fjör í Flóa

Ný stjórn kvenfélagsins hefur komið saman og ákveðið að við munum taka þátt í Fjöri í Flóa eins og síðustu ár. Við ætlum m.a. að vera með flóamarkaðinn sívinsæla (en ekki á loftinu) og því eruð þið kærur vinsamlega beðnar um að hafa það í huga við vortiltektina.

Einnig munum við verða með sýningu á verkum fjögurra ungra kvenna sem hafa allar verið í Hússtjórnarskólanum á liðnum árum, og eins verðum við með kaffihlaðborð.

Dagskráin okkar miðar við að við verðum aðeins á sunnudeginum frá kl. 13.00 til 18.00. Munum á flóamarkaðinn má skila til Valgerðar í Mjósýndi.

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps var haldinn fimmtudaginn 17. mars 2011 í Þjórsárveri og var mæting góð. Að venju las formaður starfsskýrslu sína og var mikið um að vera hjá okkur á árinu og góðar gjafir voru gefnar. Gjaldkeri skýrði reikningana og var hagnaður 11.000,- kr., sem konum þótti gott, því góðar gjafir voru gefnar á árinu, m.a. í "sjóðinn góða" sem er í vörslu RKÍ og gjöf til Flóaskóla, og ekki eigum við að safna auði, heldur gefa það sem við vinnum inn fyrir.

Formaður skemmtinefndar upp það sem skemmtinefnd hafði staðið fyrir á árinu, m.a. 3ja félaga kvöldvökuna, sumarferð, menningarferð á aðventu, barnaball o.fl. Kosið var um lagabreytingar, sem lagðar voru fram til kynningar á haustfundi og voru þær samþykktar samhljóða. Ekki voru teljandi breytingar, en aðeins fært í nútímann því eldri lög voru frá árinu 1950. Þó var sett inn ákvæði um kosningu kjörnefndar sem undirbýr stjórnarkosningar.

Breytingar voru í stjórn, Lilja á Urriðafossi gjaldkeri gaf ekki kost á sér áfram og er nýkjörin gjaldkeri Bryndís Ólafsdóttir í Skálarima. Stjórn kvenfélagsins skipa nú: Valgerður Gestsdóttir, formaður, Sólveig Þórðardóttir, ritari, og Bryndís Ólafsdóttir gjaldkeri. Í varastjórn eru Anna Fía Ólafsdóttir, Kristín Stefánsdóttir og Fanney Ólafsdóttir. Kosið var í skemmtinefnd, inn komu Elfa Kristinsdóttir og Margrét Ósk Ingjaldsdóttir, en fyrir voru Sigrún Helgadóttir, Hulda Kristjánsdóttir, Þorbjörg Vilhjálmisdóttir og Erna Jóhannesdóttir.

Rætt var um Fjör í Flóa og komu nokkrar tillögur þar að lútandi, sem stjórn var falið að vinna úr. Samþykkt var að hækka árgjaldið í 2.000,- kr.. Þrjónaðar voru 111 húfur hjá okkar félagskonum í húfuverkefni KÍ, og tóku 11 konur þátt í því, aldeilis skemmtilegt verkefni. Rætt var um verkefnin framundan, þ.e. að bjóða Kvenfélaginu Seltjörn til okkar, Fjör í Flóa og félagsmálanámskeið, og hvatti Fanney allar konur til að fara á félagsmálanámskeiðið sem hefur verið ákveðið. Í kaffihléi kvaddi Laufey í Egilsstaðakoti sé hljóðs, og fór með 2 vísur fyrir okkur, minntist hún á að hún væri búin að vera í kvenfélaginu í 68 ár og bauð okkur upp á dýrindis marsípantertu með áletruninni : "Takk fyrir glens og gaman í 68 ár". Formaður þakkaði Lilju fyrir vel unnin störf í stjórn, Laufeyju fyrir frábæra tertu og öllum konum fyrir gott og óeigingjarnt starf á liðna árinu.

F.h. Kvenfélags Villingaholtshrepps,
Sólveig ritari

ADALFUNDARBOÐ 2011

*Aðalfundur skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn fimmtudagskvöldið 7. apríl n.k. á loftinu í Félagslundu, **gengið inn vestan megin**. Fundurinn hefst kl. 21:00.*

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál. Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja félaga velkomna.

Stjórnin.

Ýmsar fréttir frá Umf. Vöku:

Gauks saga í Árnesi

Laugardaginn 9. apríl ætlum við að fara fylktu liði á leikritið Gauks sögu sem Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja sýnir í Árnesi um þessar mundir. Gauks saga er nýtt leikrit eftir Vilborgu Halldórsdóttur og er það byggt á sögu Gauks Trandilssonar sem bjó á Stöng í Þjórsárdal á 10. öld.

Almennt miðaverð er 2000 kr, eldri borgarar og 12 ára og yngri greiða 1700 kr. Sýningin byrjar klukkan 20:00 og það verður farið á einkabílum. Ef þið viljið koma með á þessa skemmtilegu sýningu þá tekur Guðmunda við pöntunum í síma 8469775 fyrir miðvikudaginn 6. apríl.

Leikrit til sölu

Leikritin *Á þriðju hæð* og *Amor ber að dyrum* voru sýnd í Þjórsárverri við mikinn fögnuð í lok febrúar og byrjun mars. Að leiksýningunni var gerður góður rómur og eflaust margir sem sáu eftir að hafa ekki lagt leið sína í Þjórsárver til að sjá hana. En örvæntið ekki! Nú gefst ykkur tækifæri á að kaupa vandaða upptöku af sýningunum á dvd mynddiski. Hvert eintak kostar 1500 krónur og hægt er að panta það í síma 846-9775 hjá Guðmundu. Ef þið kaupðið diskinn þá getið þið horft á þessi stór skemmtilegu leikrit aftur og aftur og tekið bakföll af hlátri heima í stofu.

Héraðsleikar HSK í frjálsum fóru fram á Hvolsvelli 5. mars sl. Þar mættu nokkrir hressir krakkar úr Umf. Vöku og tóku þátt í ýmsum greinum. Þeirra árangur var þessi:

Kolbrún Katla Jónsdóttir	Hástökk	0,85 m
	Kúluvarp	4,16 m
	30 m hlaup	7,30 sek
Sæþór Atlason	30 m hlaup	6,54 sek
	Langstökk án atr.	1,68 m
	Skutlukast	9,80 m
Unnsteinn Reynisson	30 m hlaup	7,23 sek
	Langstökk án atr.	1,50 m
	Skutlukast	6,70 m
Elías Örn Jónsson	30 m hlaup	7,31 sek
	Langstökk án atr.	1,46 m
	Skutlukast	5,20 m
Sigurjón Reynisson	30 m hlaup	8,19 sek
	Langstökk án atr.	1,09 m
	Skutlukast	4,60 m
Hjalti Geir Jónsson	30 m hlaup	8,74 sek
	Langstökk án atr.	1,03 m
	Skutlukast	2,80 m
Hugi Snær Jónsson	Kúluvarp	4,21 m
	30 m hlaup	6,84 sek
	Hástökk	0,80 m
	Langstökk án atr.	1,70 m

Vel heppnuð klifurferð!

Þann 17. mars fór 15 manna hópur frá Umf. Vöku í Klifurhúsið í Reykjavík. Skemmti hópurinn sér konunglega við að klifra upp miserfiða vegg, með misjöfnum árangri.

Allar líkur eru á að þetta verði gert aftur á næsta ári ☺

Vert er að minna á mikilvægi þess að fólk panti í ferðir á tilsettum tíma en það gerðu langfæstir í þetta skiptið. Það skiptir miklu máli að pantað sé á réttum tíma svo hægt sé að skipuleggja svona viðburði með góðu móti.

Takk fyrir skemmtilega ferð !

Kveðja, Skemmtinefnd Umf. Vöku

Taktu til við að tvista....

...teygja búkinn og hrista!

Já nú skal sko dansa því þann 27. maí verður slegið upp **dansleik í Þjórsárveri** að tilefni Fjör í Flóa. Hinir hressu drengir í **Stuðlabandinu** munu halda uppi fjöri fram á nótt. Um að gera að taka daginn strax frá þar sem þetta er eitthvað sem enginn ætti að láta framhjá sér fara! Verður auglýst betur síðar.

Dómaranámskeið í frjálsum

Frjálsíþróttaráð HSK stendur fyrir dómaranámskeiði í frjálsum laugardaginn 30. apríl frá kl 12-18. Nú ríður á að einstaklingar innan HSK öðlist dómararéttindi því með nýjum Selfossvelli eykst mótahald á sambandssvæðinu til muna. Meistaramót Íslands verður haldið á Selfossvelli helgina 23.-24. júlí 2011 og svo verður að sjálfsögðu Unglingalandsmót 2012 og Landsmót 2013. Á öllum þessum mótum er nauðsynlegt að hafa menntaða dómara að störfum og við hjá Umf. Vöku viljum ekki liggja á liði okkar. Nánari upplýsingar um námskeiðið koma síðar á hsk.is.

Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messa verður á páskadag 24. apríl í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.

Frá Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum

Sunnudagurinn 10. apríl kl. 13.30. Helgistund í Villingaholtskirkju. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson. almennur safnaðarsöngur. Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar að lokinni helgistund.

Páskadagur, sunnudagurinn 24. apríl kl. 13.30. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju. Prestur sr. Kristinn Á. Friðfinnsson

Annar páskadagur, mánudagurinn 25. apríl kl. 13.30. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson

Sunnudagurinn 8. maí kl. 13.30. Messa í Villingaholtskirkju. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunni okkar allra.
f.h. Sóknarnefnda Sólveig Þórðardóttir

Pistillinn

Höskuldur granni minn nefndi mig í síðasta pistli, liggur því beinast við að taka upp þráðinn þar sem hann hvarf frá, Höskuldur flutti í Langholtshverfið í byrjun þessarar aldar, hann vitnar hins vegar í mann sem flutti frá Stóra-Ármóti einni öld fyrr, sá lýsti húsum, vinnu og fólki af slíkri nákvæmni að ljóst er að hann sá fyrir þær breytingar er orðið hafa. Hraungerðishreppingar kunnu að nota punt sem millilegg í torfþök til varnar vatni og flytja naut á bátum yfir Hvíta, nokkuð sem ég ætla engum í dag. Þegar maðurinn flytur í Kjósina hlaða Hraungerðishreppingar vegi, girða girðingar og grafa áveituskurði, nokkuð sem stóð óhreyft þegar undirritaður man fyrst eftir sér, upp úr miðri öldinni sannfærður um að hið fastmótaða form í Langholtshverfinu væri óumbreytanlegt, skepnufjöldi yrði ávalt hinn sami, líf þessara aldamótamanna tæki engan endi, blindur á það atriði að heybandslestin sem hann horfði á sem barn væri sú síðasta og hann væri einn sá síðasta sem óð um endalaus vatnsfláka er lágu allt til sjávar skömmu áður og höfðu verið draumsýn Kjósverjans er hann flutti. Sú mikla fyrirhöfn sem þessir 300 kílómetrar af áveituskurðum og 600 kílómetrar af fyrirstöðugörðum kostaði gerði það að verkum að íbúar voru tregir til að viðurkenna að framkvæmdin hafði ekki skilað því sem til var ætlast. Ræktun var sótt með varfærni. Á áttunda áratugnum var meðalaldur orðinn hár, búskapur lagðist víða niður og fólki fækkaði allt til aldamóta. Það eru því Höskuldur og margir aðrir sem sneru þessari þróun við, sameinuðu sveitirnar fjölgðu hér fólki, tóku með sér kunnáttu annars byggðarlaga í því í Flóahreppi leynist margbreytileg starfsemi þar sem einstaklingurinn bjargar sér nokkuð sjálfur, því er hætt við að öll vatnsumbrot reynist íbúum Flóahrepps jafn ódrjúg og vatnagangur síðustu aldar. Sem áhorfandi héðan af heimahlæði bið ég því granna minn Ragnar Björgvinsson að rita næsta pistil og lýsa aðkomu sinni að svæðinu.

Hreggviður í Langholti.

Aðilar í ferðamanna tengdri þjónustu sem hafa áhuga á að vera með í gerð á upplýsingakorti á þjónustunni í hreppnum, hafið samband við Margréti í Vatnsholti í síma 899 7748 eða email info@stayiniceland.is

Til sölu hestakerra

Sameiginleg hestakerra Hrossaræktarfélags Villhr. Nautgripafélags Flóamanna og Búnaðarfélags Villhr. er til sölu í því ásigkomulagi sem hún er. Tilboð óskast fyrir 20. apríl, upplýsingar gefur Atli Geir í síma 898-2256.

Stjórnirnar

Frá UMF Baldri:

Páskahraðskákmót Umf. Baldurs

Stjórn Umf. Baldurs fékk áskorun þess efnis um daginn að endurvekja páskahraðskákmót félagsins sem haldið var síðast fyrir þó nokkuð mörgum árum og verður það haldið að kvöldi föstudagsins langa í Þingborg. Verður nánar auglýst í héraðsfréttablöðum þegar nær dregur. Nú er bara að dusta rykið af taflmönnum og byrja að æfa sig.

Vorfundur

Vorfundur UMF Baldurs verður haldinn um miðjan maí. Nánar auglýst í næsta blaði.

Fréttir

Nú fer starfið í fullan gang, Þingborgarmót er framundan og síðan kemur sumarið með öllum sínum önnum í sveitum. Hjá ungmennafélaginu verður væntanlega nógu af að taka í sumar eins og áður og eru allir sem hafa hugmyndir um hvað hægt er að gera beðnir um að koma tillögum sínum til stjórnar félagsins.

Stjórn Umf. Baldurs hefur ákveðið að halda ekki hestamannakaffi þetta árið. Undangengin ár hefur þátttaka ríðandi, akandi og gangandi gesta í kaffinu farið verulega niður á við og er það samröma álit stjórnar að vegna verulegs taps af kaffinu sé best að slá það út af borðinu.

Síðan er minnt á það að hægt er að kaupa þorrablótssannálinn hjá Baldri Gauta. Þá er ennþá hægt að fá eintök af Huginn. Endilega hafið samband ef þið hafið áhuga á þessu.

Ljósmyndir af starfi Umf. Baldurs

Allir þeir sem eiga í fórum sínum ljósmyndir af starfi Umf. Baldurs síðustu rúmlega 100 árin og vilja ljá Ungmennafélaginu þær til láns eða eignar, eru beðnir um að koma þeim til stjórnarmanna. Þær myndir sem koma til láns verður skilað þegar búið verður að skanna þær í tölvu til til frekari varðveislu eða fjölfalda.

Hugmyndin er að koma upp góðu safni af ljósmyndum frá leik og starfi ungmennafélagsins Baldurs í þau rúmu 100 ár sem það hefur verið til. Endilega farið því og gramsið í gömlu myndaalbúnum eða kössum á háalofinu og vitið hvað þið finnið. Gott er að fá með myndunum hvar hún er tekin, af hvað tilefni og hverjir það séu sem sjáist á myndinni.

Minnt er á heimasíðuna <http://umfbaldurhraung.weebly.com> og einnig erum við á Facebook undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Að lokum er bent á netfangið umfbaldurhraung@gmail.com

Íþróttamaður ársins 2010 í Flóahreppi

Sunnudaginn 27. mars voru veittar viðurkenningar vegna tilnefninga til íþróttamanns ársins í Flóahreppi við hátíðlega athöfn í Þingborg. Þá var einnig kunngjört um hver hefði verið kjörinn íþróttamaður ársins 2010.

Valnefnd skipuðu formenn ungmennafélaga sveitarfélagsins, þau Baldur Gauti Tryggvason, Guðmunda Ólafsdóttir og Stefán Geirsson auk þeirra formaður æskulýðs- og íþróttanefndar, Anný Ingimarsdóttir. Óskað var eftir tilnefningum frá íbúum og bærust allmargar tillögur. Komst valnefndin að einróma niðurstöðu um að titillinn íþróttamaður ársins 2010 í Flóahreppi myndi hljóta Árni Steinn Steinþórsson frá Oddgeirshólum. Árni spilar handbolta með meistaraflokki og 2.flokki Umf. Selfoss. Hann er einn af máttarstólpum liðsins sem vann sér sæti í N1-deild er liðið vann 1. deildina vorið 2010. Árni hefur einnig verið valinn í yngri landsliði Íslands og nú síðast var hann valinn í haust í undirbúningshóp fyrir 21 árs landsliðið sem þá undirbjó sig fyrir undankeppni HM U21 árs liða. Því miður fyrir Árna lenti hann í slæmum meiðslum í haust sem munu halda honum frá íþróttaiðkun fram eftir núliðandi ári.

Fjör í Flóa 27.-29. maí 2011

Eins og fram hefur komið í síðustu Áveitum verður Fjör í Flóa síðustu helgina í maí. Segja má að þessi menningarviðburður séu búin að festa sig í sessi í sveitarfélaginu. Undirbúningur er á fullu og eru allar hugmyndir vel þagnar. Nokkrir þættir eru orðnir árvissir s.s. reiptogkeppni og grill á á föstudagskvöldi, morgunverður á laugardagsmorgni og kvöldvaka á laugardagskvöldinu. Margt annað verður hægt að gera og skoða, dagskráin er ekki enn fullmótuð en þó má nefna nokkur atriði s.s. ball í Þjósárverri með Stuðbandinu á föstudagskvöldinu. Brúðuleikhús, kökubasar, tombóla, gönguferð og sýningar s.s. á olíumálverkum og hálsbindum. Tré og list verður með dagskrá hjá sér og Gaulverjaskóli og Kríukráin verða með opin hús. Ratleikur verður í gangi alla helgina og hvetjum við alla, unga sem gamla að taka þátt í honum, góð fjölskylduaufþreying. Þessi upptalning er aðeins sýnishorn af því sem verður og ekki nærri allt upptalið, nánari dagkrá kemur síðar. Ef einhverjir vill taka þátt eða er með einhverjar hugmyndir að dagskráliðum er um að gera hafa samband við rekstarstjórn fyrir 13. apríl næstkomandi:

Sigmar Örn Aðalsteinsson	696-8653	sigmarorn@hotmail.com
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	899-9684	vatnsholt1@isl.is
Helgi Sigurðsson	892-9872	trukkur@emax.is
Anný Ingimarsdóttir	861-8368	anny@arborg.is
Ágúst Hjálmarsson	846-9765	langsstaðir@simnet.is

Eða húsverðina í hverju félagsheimili.

Munið að taka helgina frá og segja öllum sem þið hittið frá þessari skemmtilegu helgi.

Frá æskulýðs-og tómstundanefnd

Í byrjun desember 2010 var samþykkt að stofna ofangreinda nefnd. Nefndin hélt sinn fyrsta fund um miðjan desember og síðan hefur verið fundað nokkuð reglulega. Helstu verkefni nefndarinnar eru m.a. að skipuleggja starf sem tengjast æskulýðs-og tómstundamálum fyrir unglinga í Flóahreppi. Þá var lagt fyrir nefndina hvort þörf væri að reka félagsmiðstöð.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að starfrækja félagsmiðstöð í Flóaskóla fyrir krakka í 8. – 9. bekk fram á vor og svo frá og með haustinu fyrir 8.-10. bekk. Umsjón með félagsmiðstöðinni fram á vor hafa þau Örvar Rafn Hlíðdal, kennaranemi og Sigrún Árnadóttir, umsjónarkennari í Flóaskóla.

Fyrsta opna húsið var 24. febrúar sl., var mikil gleði á meðal krakkanna og virtust þau skemmta sér hið besta. Þann 18. mars var svo haldin „nótt í féló” krakkar í 8. og 9. bekk mættu kl. 21:30 og voru fram til 9 morguninn eftir, heyrst hefur að krakkarnir hafi líðið sofið og komið þreytt en ánægð heim daginn eftir.

Það sem framundan er í félagsmiðstöðinni:

7. apríl – félagsmiðstöðin opin – krökkunum í 7. bekk verður boðið að koma.

5. maí - Hvíta húsið í samstarfi við félagsmiðstöðina Zelsius á Selfossi mun halda ball með Páli Óskari þar sem krökkum úr 8. og 9. bekk frá Flóaskóla er boðið að koma.

Ákveðið hefur verið að engin geti komist inn á þetta ball nema í gengum félagsmiðstöðina. Nánar auglýst síðar í skólanum.

19. maí – félagsmiðstöðin opin, það verður síðasti viðburðurinn þetta skólaárið.

Ekki er komið nafn á félagsmiðstöðina en í daglegu tali er hún nefnd félagsmiðstöð Flóa. Hugmyndakassa hefur verið komið upp í Flóaskóla og hvetjum við krakkanna til að koma með hugmyndir að nafni. Heimasíða hefur verið stofnuð og er hún floi.123.is ekki er komið mikið inn á hana en það er von okkar að hún geti nýst sem upplýsingarvefur fyrir félagsmiðstöðina og jafnvel aðra viðburði tengdum þessum málaflokki.

Þó svo hér að framan hafi einungis verið rætt um félagsmiðstöðina og það sem framundan er þar á næstunni er hlutverk æskulýðs-og tómstundanefndar fjölbætt s.s. að vinna að forvarnarmálum, vera í samstarfi við unglinga, félög og stofnanir og þá aðila sem málin varða s.s. ungmennafélögin og Flóaskóla.

Í lok þessa mánaðar eru fyrirhugaður hugmynda fundur með krökkunum í efri bekkjum Flóaskóla. Mikilvægt er að heyra í þeim, hvaða hugmyndir þau eru með og hver sé vilji þeirra, því við erum fyrst og fremst að huga að þeirra málum. Einnig hvetjum við foreldra til að hafa samband ef það er eitthvað sem brennur á þeim í sambandi við æskulýðs-og tómstundamál. Við eigum frábæra unglinga hér í Flóanum sem mikilvægt er að hlúa að.

f.h. nefndarinnar
Anný Ingimarsdóttir, formaður

Frá Umf. Samhygð:

Skírdagsbingó

Páskaeggjábíngó að góðum og gömlum sið verður spilað að kvöldi Skírdags, fimmtudagsins 21. apríl. Spilað verður á Félagslundarloftinu hefst fjörið kl. 20:30. Einnig verður farið yfir það sem er á döfinni í starfi Samhygðar. Allir velkomnir.

Flóahlaup

Fer fram laugardaginn 9. apríl og hefst kl. 14:00. Keppt er í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára og yngri. 5 km opnum flokkum karla og kvenna. Síðan er keppt í flokkum 39 ára og yngri í 10 km hlaupi karla og kvenna og síðan er hver tugur þar fyrir ofan í sér flokkur allt upp í 70+. Skráningargjald 800 kr. fyrir 14 ára og yngri og 1500 kr. fyrir 15 ára og eldri. Skráð á staðnum. Kaffihlaðborð að hlaupi loknu. Allir velkomnir. Hjálpfúsar hendur við framkvæmd hlaupsins og kaffihlaðborðsins eru vel þegnar.

Bikarglíma Samhygðar

Bikarglíma Samhygðar fór fram á æfingatíma í Félagslundu mánudagskvöldin 22. mars og 28. mars. Átta keppendur mættu til leiks þetta árið og glímdu þeir í þremur aldursflokkum. Dómari var Stefán Geirsson og sá hann einnig um glímustjórn og tímavörslu ásamt eldri keppendum sem aðstoðuðu þegar þeir yngri kepti. Úrslit urðu eftirfarandi:

Stúlkur

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	1 v.+ 1	Bikarmeistari
2. Hanna Kristín Ólafsdóttir	Baldri	1 v. +0	

Strákar eldri flokkur

1. Þorgils Kári Sigurðsson	Vöku	2 v.	Bikarmeistari
2. Jón Þór Pálsson	Vöku	1,5 v.+1	
3. Jón Gunnþór Þorsteinsson	Samhygð	1,5 v.+0	
4. Jóann Páll Smáráson	Vöku	0	

Strákar yngri flokkur

1. Árni Már Ólafsson	Samhygð	1,5 v.	
2. Kári Kristinsson	Samhygð	0,5 v.	

Glímuæfingar

Nú nálgast vorið og glímuæfingunum fækkar. Þrjár æfingar eru ráðgerðar fram að páskaum, þann 4., 11., og 18. apríl en það verður lokaæfingin í vetur og því gerum við einhver dagamunur að því tilefni.

Marín Laufey Glímudrottning!

Íslandsglíman fór fram á Reyðarfirði laugardaginn 2. apríl. Tvær Samhygðarkonur tóku þátt og er skemmst frá því að segja að Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði glímuna á fullu húsi vinninga og varð þar með fyrsta glímudrottning Samhygðar og HSK. Hugrún Geirsdóttir tók einnig þátt og hafnaði í 4. eftir að hafa glímt til úrslita um annað sætið við tvo keppinauta sína. Sannarlega glæsilegur árangur og er Marínu Laufey óskað til hamingju með titilinn hér með.

Úrslit úr grunnskólamóti Íslands og sveitaglímu krakka sem einnig fóru fram á Reyðarfirði um helgina verða birt í næstu Áveitu.

Héraðsþing HSK

Hugrún Geirsdóttir var fulltrúi Samhygðar á héraðsþingi HSK á Hellu þann 12. mars.

Kvöldvaka

Hin árlega kvöldvaka kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi verður í Félagslundi föstudagskvöldið 29. apríl kl. 20.30. Ragnhildur Sigurðardóttir á Selfossi verður með fyrirlestur um næringu, heilsu og fleira því tengt. Eins mun hún kynna fyrir okkur skemmtilega hreyfingu og láta okkur prófa það á staðnum. Fjölmennum á kvöldvökuna og eigum saman skemmtilegt kvöld, ungar sem gamlar og allar þar á milli.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	4. apríl
Æfing eldri	5. apríl
Æfing yngri	6. apríl
Aðalfundur Skógræktardeildar Umf. Samhygðar	7. apríl
Hópfærð á Gaukssögu	9. apríl
Þjóðaratkvæðagreiðsla	9. apríl
Flóahlaupið	9. apríl
Helgistund og aðalsafnaðarfundur í Villingaholtskirkju	10. apríl
Glímuæfing	11. apríl
Prjónakvöld í Þjórsárveri	11. apríl
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. apríl
Æfing eldri	12. apríl
Æfing yngri	13. apríl
Skemmtiferð Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps	16. apríl
Glímuæfing	18. apríl
Skírdagsbingó Umf. Samhygðar	21. apríl
Páskahraðskákmót Umf. Baldurs	22. apríl
Víðavangshlaup og páskabingó	23. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	24. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	24. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	25. apríl
Æfing eldri	26. apríl
Æfing yngri	27. apríl
Heimboð Kvenfélags Villingaholtshrepps	28. apríl
Kvöldvaka Kvenfélaganna í Flóahreppi	29. apríl
Þingborgarmót	1. maí

